

# VaxtaTækifæri

## Skuldabréfasjóður

31. júlí 2025

Fannar Örn Arnarsson
Sjóðstjóri

## Umfjöllun sjóðstjóra

Ávöxtun VaxtaTækifæris var 1,1% í júlí og 10,2% á tólf mánaða tímabili miðað við 31.07.2025. Til samanburðar hækkaði skuldabréfavísitalan NOMXIBB á sama tólf mánaða tímabili um 6,4%.

VaxtaTækifæri veitir sjóðsfélögum aðgang að dreifðu safni skuldabréfa sem bera umtalsvert álag ofan á ríkisbréfa- og innlánavexti. Í lok mánaðarins lagði sjóðurinn áherslu á skuldabréf fjármálafyrirtækja (30% af eignasafni), önnur fyrirtækjaskuldabréf og víxla (25% af eignasafni), fagfjárfestasjóði (14% af eignasafni), ríkisskuldabréf (13% af eignasafni) og sértryggð skuldabréf (18% af eignasafni)

Meðallíftími sjóðsins var 3,5 ár í lok mánaðarins. Verðtryggð skuldabréf námu 36% af eignum sjóðsins á sama tíma.

VaxtaTækifæri byggir á virkri stýringu og getur valið úr breiðri flóru innlendra skuldabréfa. Viðfangsefni stýringar VaxtaTækifæris verður hér eftir sem hingað til að endurmeta eignasafnið stöðugt eftir því sem aðstæður og verðlagning breytast.

### Helstu upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Rekstrarform** | Fjárfestingarsjóður |
| **Stofndagur** | 23.10.2017 |
| **Rekstraraðili** | Akta sjóðir hf. |
| **Stærð sjóðs** | 4.259 m.kr. |
| **Áhættuflokkun** | 2 af 7 |
| **Sjóðstjóri** | Fannar Örn Arnarsson |
| **Gjaldmiðill** | ISK |
| **Lágmarkskaup** | 10.000 kr. |
| **Sölutímabil** | 9:00 - 12:00 |
| **Gengisuppreikningur** | Daglega |
| **Uppgjör** | T+2 |
| **Skráning** | Rafrænt hjá VS |
| **Auðkenni** | AKTAVAXTAT |
| **ISIN** | IS0000029080 |

### Þóknanir og gjöld

| | |
|---|---|
| **Innlausnargjald** | 0 kr. |
| **Afgreiðslugjald við kaup** | Skv. gjaldskrá vörsluaðila |
| **Árleg umsýsluþóknun** | 0,9% |
| **Gengismunur** | 1,0% |
| **Viðmið** | NOMXIBB |
| (Nasdaq OMX Iceland Benchmark Bonds) | |
| **Árangurstengd þóknun** | 20% |

### Ávöxtun eftir mánuðum*

| | Jan. | Feb. | Mar. | Apr. | Maí | Jún. | Júl. | Ágú. | Sep. | Okt. | Nóv. | Des. | Árið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2017** | | | | | | | | | | 0,5% | 1,1% | 0,2% | **1,8%** |
| **2018** | 0,1% | 0,5% | 1,0% | 0,4% | 0,0% | 0,4% | 0,6% | 0,5% | 0,3% | 1,2% | 1,2% | 1,1% | **7,4%** |
| **2019** | 0,7% | 0,4% | 3,7% | 1,4% | 2,4% | 0,7% | 0,1% | 0,6% | 1,3% | 0,9% | (0,9%) | 0,1% | **11,8%** |
| **2020** | 1,5% | 1,7% | 0,9% | 1,0% | 0,9% | 0,9% | 0,8% | 1,6% | 0,1% | (0,3%) | 0,3% | 0,2% | **9,9%** |
| **2021** | 0,0% | (0,1%) | 1,2% | 0,8% | 0,2% | 0,9% | 0,3% | 0,7% | 0,3% | 0,4% | 0,5% | 0,2% | **5,4%** |
| **2022** | (0,3%) | (0,1%) | 0,3% | (0,2%) | 0,1% | (1,8%) | 1,1% | 0,3% | (2,2%) | (2,5%) | (0,6%) | 0,2% | **(5,7%)** |
| **2023** | 0,2% | (0,8%) | (0,1%) | 0,4% | 0,7% | 0,0% | 1,7% | (0,7%) | (1,5%) | 2,3% | 1,8% | 1,6% | **5,7%** |
| **2024** | 3,7% | 1,7% | 0,9% | 3,3% | 0,8% | 0,1% | 0,8% | 1,2% | 1,0% | 1,3% | 1,0% | 0,8% | **17,8%** |
| **2025** | 1,0% | 0,1% | 0,8% | 0,8% | 0,8% | (0,1%) | 1,1% | | | | | | **4,5%** |

| Útgefandi | Vægi |
|---|---|
| Landsbankinn hf. | 16,4% |
| Akta SK1 | 15,5% |
| Ríkissjóður | 13,7% |
| Árion banki hf. | 12,7% |
| Íslandsbanki hf. | 8,6% |
| Iceland Seafood hf. | 7,3% |
| Alma íbúðafélag hf. | 7,1% |
| Fossar fjárfestingabanki hf. | 6,2% |
| Síminn hf. | 5,2% |
| Skagi hf. | 4,5% |

## Eignasafn (%)




## Verðtryggingarhlutfall (%)




## Meðallíftími (ár)





Akta sjóðir hf.
Kt. 430713-0940
Borgartúni 25, 8. hæð 105 Reykjavík

Hafðu samband
Sími: 585 6800
sjodir@akta.is

www.akta.is

# VaxtaTækifæri

Skuldabréfasjóður



Fannar Örn Arnarsson
Sjóðstjóri

## Uppsöfnuð ávöxtum frá stofnun*




| Fjárfestingarheimildir | Vægi | Óskráð[1] |
|---|---|---|
| **Ríkistryggð skuldabréf og víxlar** | 0-100% | 0-10% |
| **Sértryggð skuldabréf** | 0-100% | 0-10% |
| **Önnur skuldabréf og peningamarkaðsgerningar** (s.s. víxlar) | 0-100% | 0-25% |
| **Skuldabréf með breytirétti** | 0-100% | 0-15% |
| **Hlutabréf sem tilkomin eru vegna skuldabréfakaupa sjóðsins**[2] | 0-100% | 0-10% |
| **Innlán fjármálafyrirtækja** | 0-20% | |
| **Hlutd.skírteini sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í skuldabréfum** | 0-20% | |
| **Afleiður vegna stöðutöku eða áhættuvarna** | 0-30% | |
| **Skortsala skráðra verðbréfa** | 0-50% | |

[1]*Hámark 25% samanlagt*
[2]*Svo sem vegna nýtingar á breytirétti skuldabréfa*

*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útboðslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

## Um sjóðinn

**Akta VaxtaTækifæri** er fjárfestingarsjóður sem hefur það að markmiði að nýta þau tækifæri á innlendum skuldabréfamarkaði sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu.

**Fjárfestingarheimildir** - Sjóðurinn hefur m.a. heimildir til að fjárfesta í fyrirtækjaskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum, ríkisbréfum, fagfjárfestasjóðum o.fl. Sjóðnum eru ekki sett sérstök mörk varðandi meðallíftíma eigna.

**Virk stýring** - Sjóðstjórar beita virkri stýringu og hafa að markmiði að skila fjárfestum betri ávöxtun en skuldabréfavísitala Kauphallarinnar, NOMXIBB. Mikil áhersla er lögð á hreyfanleika þar sem brugðist er skjótt við breyttum aðstæðum. Sjóðstjórar mynda sér skoðun eftir ítarlega greiningarvinnu og leggja mat á væntingar og markaðsaðstæður.

## Fyrirvari

**Fjárhagsleg áhætta** fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vakin er sérsök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, skuldabréfaverði eða lánshæfi útgefanda.

**Lausafjáráhætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum fjármálafyrirtækja:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

**Stjórnmálaáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvarðana og stjórnmálalegs óstöðugleika.

*Nánar er fjallað um áhættuþætti í 15. kafla útboðslýsingar sjóðsins sem nálgast má á heimasíðu Akta.*